

Reykjavíkurborg

Garðabær, 20. júní 2025

202505-0165/I.M.B.

10.01.01

Umsókn um leyfi til rannsókna á selum í Blikastaðakró

Náttúruverndarstofnun hefur móttækið umsókn Reykjavíkurborgar, dagsett 28. maí 2025, um leyfi til rannsókna á selum í Blikastaðakró tímabilið júní 2025 til 1. nóvember 2026.

Blikastaðakró – Leiruvogur er friðlýst sem friðland sbr. auglýsingu [nr. 1102/2022](#). Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar og lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar Náttúruverndarstofnun og Náttúrufræðistofnun.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til rannsóknar á selum í Blikastaðakró, n.t.t. á skeri norðan við Gorvík í Blikastaðakró. Verkefnið snýr að kortlagningu, skráningu og talningu sela. Selirnir verða taldir með ljósmyndum úr drónamyndum. Fyrirhugað er að fljúga dróna í um 80 m hæð yfir svæðinu einu sinni í mánuði á tímabilinu júní 2025 – 1. nóvember 2026. Reynt verður að halda flugtíma í lágmarki þar sem drónar geta haft truflandi áhrif á seli og fuglalíf svæðisins. Kort af rannsóknarsvæðinu fylgdi umsókninni. Tveir starfsmenn munu koma að verkefninu.

Umsögn:

Náttúruverndarstofnun leitaði upplýsinga fuglasérfræðings hjá Náttúrufræðistofnun varðandi möguleg áhrif rannsóknarinnar á fuglalíf. Í svari Náttúrufræðistofnunar kemur fram að þarna eru mikilvæg fæðuöflunarsvæði í fjörum, einkum á fartíma að vori og hausti. Að vetri til er einnig mikið af fuglum við ströndina frá Gorvík að Leirvogshólma. Þar hafa m.a. verið taldir hundruðir tjalda í flóðsetri. Því þarf að sýna varkárni í notkun dróna þarna. Ekki er ljóst hvernig sýnileiki sela er með tilliti til sjávarfalla en, ef hægt er, þá væri æskilegra að telja frekar á flóði en fjöru yfir fartímann. Að öðru leiti eru ekki gerðar athugasemdir við verkefnið.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins og gesti þess sé farið að skilyrðum leyfisins. Stofnunin metur að neikvæð áhrif á

náttúrufar séu einkum bundin við rannsóknartímann og hægt sé að draga úr þeim sé farið er eftir skilyrðum.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir Reykjavíkurborg fyrir sitt leyti leyfi fyrir selarannsóknum í Blikastaðakró sbr. lýsingu hér að ofan fyrir tímabilið júní 2025 – 1. nóvember 2026 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu í hvert skipti sem farið er í verkefnið með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Til að takmarka truflun á fuglalífi á fartíma skal flug drónans fara fram á flóði.
- Niðurstöður rannsóknarinnar skal senda Náttúruverndarstofnun og Náttúrufræðistofnun sbr. skilyrði auglýsingar um friðlýsingu svæðisins.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Þeir sem koma að fluginu skulu ganga snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum þ.m.t. fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Haga skal flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá drónana hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Virðingarfyllt

René Biasone
svæðissérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
sérfræðingur